

## Eftirlitsverkefni - Fæliefni

Dagsetning	21. ágúst 2020
Fyrirtæki	Apótek Hafnarfjarðar ehf.
Heimilisfang	Selhella 13, 221 Hafnarfjörður
Kennitala	5111090780
Starfsemi	Lyfjaverslun
Eftirlitsstaður	Apótek Hafnarfjarðar, Selhelli 13
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Sara Rut Pálsdóttir
Fulltrúi UST	Fífa Konráðsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Magnús Sigurðsson apotek@apotekhn.is

### SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með sæfivörum hjá Apóteki Hafnarfjarðar ehf. þann 21. ágúst 2020. Skoðað var hvort að fæliefni sem innihalda virku efnin DEET og/eða etýlbútýlasetýlamínóprópíónat væru á markaði án markaðsleyfis. Ein vara fannst sem fellur undir umfang eftirlitsins og reyndist hún ekki þurfa markaðsleyfi eins og er.

### UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í kynningarbréf stofnunarinnar, dags. 21. ágúst 2020, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með sæfivörum á markaði í vöruflokki 19, með áherslu á fæliefni gegn skordýrum, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur. Markmið þessa eftirlits er að skoða hvort að fæliefni sem innihalda virku efnin DEET (cas nr. 134-62-3) og/eða etýlbútýlasetýlamínóprópíónat (cas nr. 52304-36-6) séu á markaði og hvort að þau séu með markaðsleyfi.

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtalin vara, sem fellur undir umfang eftirlitsins, var skoðuð:

Vara	Strikamerki
Moustidose Spray Répulsif Anti-Moustiques	3518646040481

Varan inniheldur virku efnin DEET og Eucalyptus citriodora oil, hydrated, cyclized (cas nr. 1245629-80-4). Fæliefni sem innihalda DEET þurfa markaðsleyfi til að það megi bjóða þau fram á markaði nema að þau innhaldi annað virkt efni sem er enn í áhættumati til notkunar í sæfivörum. Þar sem Eucalyptus citriodora oil, hydrated, cyclized er enn í áhættumati til notkunar í sæfivörum í vöruflokki 19 má bjóða vöruna fram á markaði án markaðsleyfis og því eru engin frávík tilgreind.

## ÁBENDINGAR

Þegar áhættumati fyrir virka efnið, Eucalyptus citriodora oil, hydrated, cyclized, verður lokið fyrir vöruflokk 19 mun varan þurfa markaðsleyfi til að það megi bjóða hana fram á markaði hér á landi.

Reykjavík, 10. september 2020

*Hafdís Inga Ingvarsdóttir*

---

Hafdís Inga Ingvarsdóttir